

Ed.

332. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ennfremur skulu veiðar með lúru-botnvörpum (Skovlvaad) algerlega bannaðar í landhelgi.

2. gr.

Upphaf 3. gr. skal orða svo:

Brot gegn 1. gr. 1. og 3. málsg. varða sektum, 3000—10000 gullkróna o. s. frv.

Aftan við sömu grein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sektir samkvæmt þessari grein ná einnig til þeirra skipa, sem sektuð hafa verið eða dæmd fyrir veiðar með lúru-botnvörpum í landhelgi á árinu 1930.

3. gr.

Upphaf 4. gr. skal orða svo:

Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnóta- og lúru-botnvörpuveiðar, o. s. frv.

Í stað orðanna „sem staddur er í dragnótaveiðiskipi“ í sömu gr. komi: sem staddur er í dragnótaveiðiskipi eða lúru-botnvörpuskipi o. s. frv.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 55, 7. maí 1928, og gefa þau þannig breytt út sem lög um bann gegn dragnóta- og lúru-botnvörpuveiðum í landhelgi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Eins og kunnugt er, voru mótorskipin „Sjöstjörnan“ T. G. 11, 63 smál. br., 27 netto, og „Grimur“ T. G. 10, 51 smál. br., 25 netto, bæði frá Trangisvaag í Færeyjum, sektuð síðastliðið ár fyrir fiskiveiðar í landhelgi með lúrubotnvörpu (Skovlvaad) samkvæmt lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum. Hið fyrrnefnda fékk 12300 kr. sekt, samkv. lögregluréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar 4. okt. 1930, en hið síðarnefnda 12500 kr. sekt samkv. lögregluréttardómi Þingeyjarsýslu 29. sept. s. á. Lög nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, skilgreina eigi, hvað átt er við með orðinu: „botn-

vörpuveiðar“, og þess vegna komast dómstólarnir vart hjá því að heimfæra allar veiðar með botnvörpu undir umgetin lög, þó það að sjálfsgöðu hafi eigi verið ætlun löggjafans með lögnum. Í fræðibókum eru taldar eitthvað um 40 tegundir af botnvörpum, og eiga margnefnd lög í raun og veru vart við nema eina tegund þeirra, sem sé þá, er venjulegir botnvörpungar nota. Botnvarpa sú, er kölluð er á dönsku „Skovlvaad“ og nefnd er hér í frumvarpinu lúru-botnvarpa, er samkv. lýsingu fiskifræðinga landsins almennt skilgreind þannig: „Botnvarpan hefir járnþenta furuhlera 1—1,1 m. á lengd og 0,6—0,8 m. á hæð. Vanalega vængjalaus poki, 8—11 metra langur og 0,5—1,5 metra hæð á hliðum, og er þeim haldið sundur með 50 cm. keflum. Breiddin er 3—5 metrar, möskvavidd 40—55 mm. Efni baðmullargarn 12/12—12/15. Hlerarnir eru ekki beinlínis festir á vörpu, heldur á 40—100 m. langa strengi“.

Við samanburð á slíkum veiðarfærum, sem nú hefir lýst verið, og þeim, er venjulegir islenzkir og erlendir togarar nota, virðist auðsætt, að veiðar með þeim eru eigi sambærilegar við veiðar með venjulegum botnvörpum og að sama hegning getur eigi átt við notkun þeirra og hinna. Venjulegar botnvörpur eru miklu veigameiri og sterkari og hafa botnrúllur og hlera, sem eru jafnvel mörg þúsund pund á þyngd og hljóta því að gera miklu meiri usla en umræddar vörpur, sem að því leyti eru mun líkari venjulegri dragnót. Það má geta þess t. d., að botnvörpuhlerar þeir, sem umgetin færeysk skip notuðu, voru í annari vörpunni 22,1 kg. og í hinni 18,5 kg. og önnur varpan með hlerum var vört á kr. 26.00 og dráttarkaðlar á 60 kr.

Með því að svo mikill munur er á umræddum veiðarfærum, virðist nauðsynlegt að breyta lögnum í þessu efni þannig, að hegningin fyrir fiskiveiðar með lúru-botnvörpu í landhelgi samsvari verknaðinum. Hefir þótt tiltækilegast að ná þessu marki með því að leggja fyrir þingið frumvarp þetta til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi. Jafnframt þykir hæfa að færa lágmark sekta úr 5000 kr. í 3000 kr. Að öðru leyti má ætla, að þessi breyting verði aðeins til bráðabirgða, með því að bráðnauðsynlegt virðist að endurskoða alla fiskiveiðalöggjöf landsins sem fyrst, svo að samræmi fái st í löggjöfina að því er sektir snertir fyrir hin ýmsu brot“.